

Hverfisráð Raufarhafnar

20. apríl, 2022, kl. 16:00

Mættir eru: Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Kolbrún Valbergsdóttir, Elva Björk Óskarsdóttir, Bergdís Jóhannsdóttir og Nanna Steina Höskuldsdóttir, starfsmaður.

Fundargerð ritaði Kolbrún Valbergsdóttir, ritari hverfisráðs

1. *Fjölskylduráð vísar teikningum af breyttu skipulagi skólahússins á Raufarhöfn til umræðu í Hverfisráði Raufarhafnar.*

Hverfisráð Raufarhafnar vísar í fundargerð Skipulags- og framkvæmdarráðs Norðurbings, 111. fundur 09. nóvember 2021 kl. 13:00 - 16:00 í grunnskólanum á Raufarhöfn

*4. Framtíðarsýn um opinberar byggingar á Raufarhöfn 202110160
Formaður framkvæmda- og skipulagsráðs leggur til eftirfarandi:*

Framkvæmda og þjónustufulltrúa verði falið að láta hanna og kostnaðarmeta viðbyggingu við grunnskóla Raufarhafnar. Lagt er til að norðurveggur skólans verði stækkaður til norðurs með hallandi glervegg í því rými sem þar skapaðist mætti setja bókasafn Raufarhafnar gera þar huggulegt svæði þar sem hægt væri að fá sér kaffibolla glugga í blöð og bækur eða bara njóta útsýnisins. Einnig er lagt til að hannað verði inn í bygginguna aðstaða fyrir stjórnslueiningu Norðurbings ásamt móttöku fyrir póstinn og aðstöðu fyrir banka.

Þarna myndi skapast miðja þjónustu og afþreyingar fyrir bæinn þar sem að hægt væri að sjá fyrir sér að skapaðist skemmtileg stemming og notalegt andrúmsloft.

Formaður framkvæmda- og skipulagsráðs dregur tillögu sína til baka.

Hverfisráð Raufarhafnar sér ekki tilefni til að fjalla efnislega um mál sem samkvæmt fundargerð var dregið til baka og ekki lagt aftur fyrir nefndina. Samhliða óskar hverfisráð eftir því að fá upplýsingar um kostnað vegna gerða umræddra teikninga og hvaðan samþykki fékkst fyrir framkvæmdinni.

2. Hverfisráð óskar eftir því við framkvæmda og skipulagsráð að leitað verði allra ráða til að setja fjármuni í eftirfarandi verkefni sem allra fyrst, ekki er gert ráð fyrir þessum framkvæmdum 2022 en það er mat hverfisráðs að ekki verði lengur hægt að bíða með að fara í eftirfarandi verkefni og helst strax í maí.

Sundlaugar Raufarhafnar

Hljóðvistarplötur í loft í sundlaugarrými og klefum.

Klefar, sturtuklefar og wc málað.

Harmonikkuhurðir sem loka fram í sundlaugarrýmið lagaðar eða annað sett upp í staðinn

Gangstéttir

Margar eru orðnar stór hættulegar. Sjá viðhengi. Ath að allar ljósmyndirnar eru af gangstéttum sem standa við Aðalbraut Raufarhafnar, nauðsynlegt er að hefja viðgerðir á allra verstu gangstéttunum sumar 2022 og skipta verkinu í heild á 2-3 ár

3. Staða á ærslabelg.

Hverfisráð Raufarhafnar óskar eftir stöðu á uppsetningu ærslabelgs, hvenær er lagt upp með að hann verði komin upp ?

4. Staða á sölu SR lóðar

Hverfisráð Raufarhafnar óskar eftir stöðu á sölu SR lóðar.

Fundi slitið klukkan 17:30